



SÁLF3RS05(1)

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Réttarsálfræði
Námsáætlun

Haustönn 2023

Kennari:	Erla Brimdís Birgisdóttir (EBB) erla@fsu.is
----------	--

Áfangalýsing:

Viðfangsefni áfangans er það sérsvið sálfræðinnar sem kallast réttarsálfræði (forensic psychology). Réttarsálfræði er hagnýting sálfræðilegrar þekkingar í réttarfarslegum tilgangi, hvort sem hann varðar rannsóknir mála, yfirheyrslur, réttarhöld eða dóma. Áfanginn á að gefa yfirlit þessara þátta og er sérstaklega unnið með raunveruleg mál. Áhersla er lögð á að þjálfa nemendur í vinnslu gagna, að draga fram aðalatriði, greina dæmin og koma þeim skilningi á framfæri. Einnig er mikilvægt að nemandi geti ályktað um önnur sambærileg dæmi út frá því sem unnið er með í tímum, t.d. varðandi stöðu mála á Íslandi ef unnið er með erlend mál og öfugt. Nemendur vinna bæði með mál einstaklinga, para og sérstaklega hópa sem sýna sterka frávikshegðun sbr. „cult“.

Undanfari: SÁLF2IN05 eða áfangi á öðru þrepi í félagsgreinum.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- undirstöðum réttarsálfræðinnar, bæði í afbrigðasálfræði, lögfræði og í afbrotafræði
- sögu réttarsálfræðinnar
- helstu kenningum fræðigreinarinnar
- sérkennum réttarsálfræðinnar og þeim sérstöku aðferðum sem hún beitir
- þeim grunnatriðum sem réttarsálfræðin fær frá öðrum greinum

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- vinna með helstu grunnhugtök réttarsálfræðinnar
- þekkja helstu mál réttarsálfræðinnar
- afla upplýsinga, greina þær og geta sett fram á skiljanlegu máli
- meta nýjar upplýsingar og fréttir á sviði réttarsálfræðinnar

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna úr einstökum dæmum og leggja sjálfstætt mat á þau
- sýna sjálfstæði, t.d. frumkvæði við að velja sér verkefni og vinna að þeim á ábyrgan máta
- álykta um gæði og galla þeirra heimilda sem unnið er með
- leggja siðferðilegt mat á þau alvarlegu mál sem nemendur vinna með

Námsefni:

- Efni frá kennara s.s
 - ljósrít,
 - myndbönd
 - hlaðvörp
 - gögn á netinu o.fl.,

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
33 - 35	18. ágúst – 3. september	<ul style="list-style-type: none"> - Kennsla hefst - Námsáætlun áfangans kynnt - Hvað er réttarsálfræði - Réttarsálfræði – sagan, frumkvöðlar 	Tímaverkefni
36 - 37	4. september – 17. september	<ul style="list-style-type: none"> - Íslenskar rannsóknir á glæpum - Kenningar og líkön um glæpi 	Rannsóknarverkefni Tímaverkefni
38 - 39	18. september - 1. október	<ul style="list-style-type: none"> - Afbrot - Einkenni og flokkun afbrotamanna - Árásarhneigð - orsakir 	Tímaverkefni PPT – verkefni 1. <u>próf</u>
40	2. október – 8. október	<ul style="list-style-type: none"> - Störf sálfræðinga innan réttarkerfisins 	Tímaverkefni Podcast-verkefni
41 - 43	9. október - 29. október	<ul style="list-style-type: none"> - Fangelsi, aðstaða og eftirfylgni á Íslandi sbr. önnur lönd - Haustfrí 12. - 13. október. - Valdagur, mið. 18. október. <p style="text-align: center;">Miðannarmat, lokaskil fös. 20.</p>	Tímaverkefni <u>Skráp/sjúkrapróf</u>
44 - 45	30. október – 12. nóvember	<ul style="list-style-type: none"> - Frávik í hegðun, samfélagi, lífnaðarháttum osfrv. - Cult 	Heimildaverkefni

46 - 49	13. nóvember – 26. nóvember	<ul style="list-style-type: none"> - Játningar - Falskar játningar 	Verkefni um játningar 2. <u>Próf</u>
50 -	27. nóvember – 6. desember	<ul style="list-style-type: none"> - <u>Skrap</u> - Síðasti kennsludagur - Lokanámsmat 	Síðustu skil á tímaverkefnum. Sjúkrapróf

Sérreglur áfangans:

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að bæði prófin og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans. Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá, þó hvetur kennari hvetur nemendur til að vera í sambandi við sig ef eitthvað kemur uppá.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	2. próf á önninni	40%
Tímaverkefni	Word skjal með öllum tímaverkefnum annarinnar, PPT verkefni, podcast verkefni ofl.	30%
Verkefni	Rannsóknarverkefni (íslenskar rannsóknir)	10%
Verkefni	Heimildaverkefni	10%
Verkefni	Verkefni um játningar	5%
Ástundun	Virgni, mæting og þátttaka	5%
Samtals		100%

Ath. að dagsetningar geta breyst. Tilkynt verður um próf með a.m.k. viku fyrirvara, bæði í tímum og í Innu.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.